

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Súðavík, 3. febrúar. 2017

Efni: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2016-2017

Vísað er í bréf dagsett. 15. október 2016 þar sem er upplýst er að Súðavík hafi verið úthlutað 166 þorskígildistonnnum vegna fiskveiðiársins 2016/2017 og ef sveitarfélög vilji setja sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta skal skila inn rökstuddum tillögum til ráðuneytisins.

Á 36. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps sem haldinn var þann 31. jan. 2017 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 641/2016 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2016/2017 óskar Súðavíkurhreppur eftir samþykki Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á eftirfarandi tillögur að breytingum á ofangreindri reglugerð vegna sérstakra skilyrða.

Ákvæði reglugerðar nr. 641 frá 3. júlí 2016 gildi um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

1. grein breytist og verður:

a) a-liður 1. gr. breytist þannig:

Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða fristundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

b - liður 1.gr. breytist þannig:

Eru skráð í viðkomandi byggðalag 31. desember 2016. (miðast við dagsetningu hvenær skráning er send Fiskistofu.)

c. liður breytist þannig:

Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðalagi 31. desember 2016. (Miðast við dagsetningu hvenær skráning er send inn til ríkisskattstjóra.)

Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

4. gr. breytist og verður:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins

sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að:

10% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi/krókaafلامark.

30% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla 1. gr reglugerðarinnar og eru með sérveiðileyði til sæbjúgnaveiða með vísan er reglugerð nr. 795 frá árinu 2013.

Þar sem ekkert skip með þessa skráningu var skráð í Súðavíkurhöfn á síðasta ári er óskað eftir að veiðireynla fyrra árs gildi ekki um þennan flokk.

60% byggðakvótans í Súðavík skal skipta jafnt á þá báta sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla fiskveiðiárið 2015-2016 í Súðavík og hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla skilyrði 1. gr reglugerðarinnar.

6. gr. breytist og verður:

a) Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta og einnig úthlutuðum byggðakvóta, á fiskveiðiárinu 2016 – 2017 til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

b) Aflinn skal nema í þorskígildum talið einu og hálfu, (1,5) magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Annað

Gerð er krafa um að úthlutuðum byggðakvóta, sem og mótframlagi, eins og kemur fram í breytingartillögu sveitarstjórnar í 6 gr. verði landað í Súðavík til vinnslu, sem sannarlega vinnur fisk og að aðilar skrifi undir slíkt samkomulag áður en til úthlutunar kemur.

Sveitarstjórn ítrekar eftirfarandi sem kemur fram í 6. gr. reglugerðarinnar: Afla sem boðinn er upp á fiskmarkaði telst ekki hafa verið landað til vinnslu samkvæmt þessari grein.

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að athuga hverja skráða vinnslu í Súðavík til að ganga úr skugga um hvort sannarlega sé unnin fiskur í vinnslunni áður en vinnslusamningur milli kaupanda og eiganda fiskiskipsins er staðfestur af sveitarstjórn.

Á 36. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhreypps var einnig bókað eftirfarandi: Óvíst er að Sæbjúga geti talist sem mótframlag fyrir byggðakvóta. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um undanþágu hjá ráðuneyti vegna þessa, ef Sæbjúga reynist ekki vera gjaldgeng.

Reynist ekki fær leið að fá þessar reglur samþykktar hjá ráðuneytinu samþykktir sveitarstjórn að óbreyttar reglur sveitarfélagsins frá fyrra fiskveiðiári muni gilda.

Sveitarstjóri óskar því eftir því hér í þessu bréfi að ráðuneytið veiti undanþágu, þannig að Sæbjúga verði tekin gild sem mótframlag vegna byggðakvóta Súðavíkurhrepps, fiskveiðiárið 2016 - 2017

Greinargerð

Súðavík á rétt á úthlutun 166 þorskígildistonna á fiskveiðiárinu 2016-2017. Eftirstöðvar frá fyrra ári voru 46 tonn. Samtals verða þetta 211 tonn.

Vestfiskur ehf: verður kaupandi alls aflans og mun vinna aflann á staðnum.

Vestfiskur vinnur/ herðir harðfirsk í Súðavík. Við fyrirtækið eru nú 6 heilsársstörf á svæðinu. Mikilvægt er að treysta þann grundvöll sem fyrirtækið þarf að hafa til að það nái að nærast, og vonandi að eflast, í súðvísku atvinnuumhverfi sem sárlega hefur þörf fyrir slíkt fyrirtæki. Vonir standa til um að geta sýnt fram á eftir komandi fiskveiðiár 2016 – 2017 að fyrirtækið sé lífvænlegt og geti vel verið öflugt tannhjól í gangverk atvinnulífsins hér í Súðavík á komandi árum.

Eins og kemur glögglega fram í samþykktum sérreglum sveitarstjórnar er það skýlaus krafa sveitarstjórnar að öllum aflu, hvort sem það er mótframlag fyrir byggðakvóta eða úthlutaður byggðakvóti á fiskveiðiárinu 2016 – 2017 verði lagt upp í Súðavíkur og unnin í vinnslu í Súðavík.

Sveitarstjórn er meðvituð um verklag Vestfisks og ítrekar að með þessum hætti er mögulegt að halda úti vinnslu, með 6 heilsársstöfum, sem áður hefur ekki tekist, með framlagi úthlutaðs byggðakvóta, sem er gífurlega mikilvægt fyrir lítið sjávarpláss.

Aurora Seafood: Ný breyta er komin í inn byggðakvótareglur Súðavíkurhrepps 2016 – 2017. Nýtt fyrirtæki hefur ákveðið að hasla sér völl í Súðavík og vinna sæbjúgu. Á fyrsta ári mun þetta fyrirtæki vera með 5 heilsársstörf. Í fullri keyrslu verða 9 heilsársstörf í fyrirtækinu.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps óskar eftir heimild ráðuneytisins til að úthluta 30% af byggðakvóta sveitarfélagsins til báta með hafa rétt og skráningu til veiða á sæbjúgu. Með þessari ráðstöfun væri komin frábær nýting á byggðakvóta samfélagsins, með aukningu á 5 heilsársstörf.

Sveitarstjórn vísar til fordæmis varðandi pott sem ætlaður er fyrir frístundabáta, og hefur fengið samþykki ráðuneytis. 30% pottur fyrir báta sem hafa leyfi til sæbjúgnaveiða er hugsaður á sömu forsendum.

Iceland Seangling: Er vaxandi fyrirtæki í Súðavík sem aukið hefur umsvif, rekstur og starfsmannafjölda í plássinu undafarin ár. Fyrirtækið er með frístundabáta, og sækir þannig í 10% pottinn í sérreglum sveitarstjórnar. Afar jákvæð þróun varð á síðasta ári þegar fyrirtækið gerði vinnslusamning við Vestfisk.

Stutt samantekt

Þetta þýðir að byggðakvótapotturinn verður þrískiptur, fyrir frístundabáta, fyrir báta með rétt til veiða á sæbjúgu og síðan hefðbundna krókaaflamarksbáta.

Óskað er eftir að veiðireynsla fyrra árs verði ekki til grundvallar fyrir 30% pottinn. Sterkt fordæmi er fyrir því að bátar í Súðavík hafi fengið skipt jafnt á milli sín, án vísan í veiðireynslu fyrra árs.


Með þeirri skiptingu, eins og kveðið er á um í samþykktum sérreglum sveitarstjórnar, er reynt að ramma betur inn umhverfi þeirra sem fá úthlutaðan byggðakvóta í Súðavík þannig að þeir landi öllum tilætluðum afla í Súðavík, sem er afar mikilvægt, svo að tilgangur þessarar opinberu byggðaaðgerðar, sem byggðakvóti er nái fram að ganga.

Með sérreglum sveitarstjórnar fyrir fiskveiðiárið 2016 – 2017 næst að skapa fleiri störf í landi en áður hefur verið í Súðavík, á forsendum byggðakvóta, Aukinheldur verður tryggð betri nýting á byggðakvótanum og skilvirkni á afla sem unnin verður í vinnslu í Súðavík.

Með þessum rökum stendur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps heilshugar á bakvið eftirfarandi sérreglur, með hag almennings í Súðavík að leiðarljósi.

Óskað er eftir staðfestingu ráðuneytisins á fyrrnefnd atriði.

Virðingarfyllst,
fr. Súðavíkurhrepps



Pétur G. Markan
- sveitarstjóri -